

LISTIR

Rúnaristur úr hljóði

Á TÓNLEIKUM Myrkra músíkdaga í Salnum í kvöld kl. 20 verða flutt sex rafverk eftir fimm tónskáld. Meðal tónskáldanna er Hilmar Örn Hilmarsson, en þetta er í fyrsta sinn sem hann er gestur hátíðarinnar. Verk hans heitir Ættir, er fyrir tölvu og hljóðband og á sér langa sögu, þótt það heyrst hér í fyrsta sinn á tónleikum.

„Upphaflega hugmyndin að verkinu, árið 1984, var sú að það yrði spilað í rými sem markaðist af átta hátölurum. Þá átti að taka upp úr hátölurum átta með upptökuhöfði, eitthvað sem væri hægt að nota síðar. Þetta átti að gerast með tækni sem kölluð er holophonics, – en með henni á maður að geta heyrt hljóð úr öllum átta.“ Hilmar segist hafa ætlað að staðsetja hátalarana átta í áttunum átta, og þeir væru þá um leið orðnir að áttunum sem rúnir eru ristar í, og það ætlaði hann einmitt að gera í tónlistinni. „Hugmyndin var að rista rúnir úr hljóði. En uppfinningamaðurinn sem fann upp holophonics-tæknina fékk mikilvægubrot, ætlaði að taka yfir heiminn og byrjaði í Hollywood, þar sem hann hvarf, – og því var verkið aldrei tekið upp eins og það var hugsað í fyrstu hugmyndinni. Síðan hefur verkið legið hjá mér í nokkrum drögum, bæði fyrir 16 rásir og 24. Millilendingin var svo að búa til útgáfu með níu tóna áttund, og ég gerði tilraunir með það, en þær leiddu mig bara á einhverju villustigi.

Það hefur alltaf pirrað mig að verkið skuli ekki hafa verið fullklárað, og þegar Kjartan Ólafsson formaður Tónskáldafélagsins, hringdi í mig og bað mig um verk á hátíðina fannst mér kominn tími til að losa mig við verkið, – annaðhvort að segja að það væri rusl sem mætti henda, og hefði verið rusl frá upphafi, eða að klára það.“

Hilmar segir það hafa verið gaman að taka verkið upp að nýju og heyra hve sum hljóðin hefðu elst vel, meðan önnur væru ótálega hallærisleg



Morgunblaðið/Porkell

Raftónskáldin sem eiga verk á tónleikum Myrkra músíkdaga í Salnum í kvöld.

svona í fyllingu tímans. „Sumt sem hljómaði afskaplega ferskt og fínt 1984 er þannig í dag, að maður bara kreppir tærnar yfir því hvað það er gamaldags. En það má segja að í verkinu eins og það er í dag sé ákveðin sögufölsun, því ég hélt því eftir sem mér fannst gott og bætti nýju efni við. En stóra breytingin er sú að í þá daga var maður að gera allar tilfærslur í höndunum, og þær heppnuðust kannski og kannski ekki. Með tækninni í dag er miklu auðveldara að hafa stjórn á öllu, skipta á milli hljóða og þess háttar. En það er gott að vera búinn að hreinsa þetta út af borðinu.“

Óþarft er að kynna Hilmar Örn sem kvikmyndatónskáld, en í þeirri grein tónlistarinnar hefur hann vakið athygli um allan heim. Sjaldgæfara er að heyra tónsmíðar hans á tónleikum sem þessum. „Ég hef lengi

verið í alls konar tilraunátönlum og verið að vinna með segulbönd og hljóðgervla. Það sem kveikti í mér á sínum tíma voru tónskáld eins og Stockhausen og Steve Reich; Stockhausen með raftæknina og Reich með segulböndin og lúppurnar, fasa-skiptin og allt það. Í þeirri tónlist fann ég fyrst mína rödd; hún höfðaði alveg beint til mín.“

Heillandi hljóðheimur

Ríkhartur Örn Friðriksson á tvö verk á tónleikum, Brons og Flæði. Hann segir Brons unnið algerlega upp úr hljóðum úr gong- og tam-tamsafni Gunnars Kristinssonar. „Með því að spila á hljóðfærni á mismunandi hátt og á mismunandi stöðum er hægt að ná fram ótrúlega fjölbreyttum og heillandi hljóðheimi. Síðan var unnið áfram með hljóðin í tölvu á margvíslegan hátt, aðallega

þó með kerfum samsettum úr fjölbreytilegum taflinum.“ Verkið var að mestu samið í Tónveru Tónlistarskóla Kópavogs í desember 2003 og í janúar á þessu ári. Verk Ríkharts, Flæði, fyrir rafgítar, var samið í fyrria. Það er byggt á hægum línunum sem eru kynntar til sögunnar ein af annarri. Þær hlaðast hver ofan á aðra, renna sitt skeið og hverfa síðan hægt og rólega út í eilífðina. Vefurinn er stundum gísinn en stundum svo þéttur að línurnar missa sjálfstæði sitt og verða að hreyfanlegum hljóðmössum.

Verk Kjartans Ólafssonar á tónleikumum heitir 7 tilbrigði í einu og er byggt á 7 tilbrigðum frá árinu 2002. Í verkinu er leitast við að þetta tímas kynjunina með því að nær samtímis heyrast öll tilbrigðin, samofin hvert í annað.

Um verk sitt, L'Altra dimensione,

eða Hina víddina, segir tónskáldið Puriður Jónsdóttir: „Á einum heitasta mánuði allra tíma í Bologna, júlí 2002, sat ég og æfði mig á flautuna. Hitamollan gerði lífið nánast óbærilegt og eina ráðið var að láta hugann reika um norrænar slóðir og veðráttu sem ég saknaði svo mjög. Æfingin hélt inn á nýjar víddir myndunar og flautan í höndum mínum varð að stórum pensli sem ég málaði með íslenskt landslag, beljandi rigningu, ólgandi haf, fuglabjörg og hófadyr. Með þessum galdrapensli málaði ég einnig andstæður ljóss og skugga, elds og íss. Nafn verksins er tilvitnun í verk Bruno Maderna, Musica su due dimensioni (Tónlist í tveimur víddum) fyrir flautu og rafhljóð, sem er fyrsta verk sögunnar þar sem rafhljóðfærum er blandað saman við hljóðfæraleik í tónleikasali. Eini efni-viður verksins er hljóð úr flautunni minni og andardráttur flautuleikarans.“

Hilmar Þórðarson er höfundur lokaverksins á tónleikumum, en það heitir Bitin eyru og er samið fyrir Áka Ásgeirsson, trompetleikara og tónskáld, sumarið 2003. Verkið er yngsta verk höfundar í röð einleiksverka fyrir hljóðfæri og tölvu. Áki hefur þróað rafrænan búnað sem gerir honum meðal annars kleift að stýra tónstyrk og tónblá tölvunnar á sama tíma og hann leikur. „Form verksins er nokkuð hefðbundið, lag-rænt/móðalt með sífelldum tilbrigðum við sama tónefnið. Eins og í fyrri Sononymus-verkum mínum er aðal áhersla lögð á samspil, leiks hljóðfærisins og tölvunnar. Flutningur hljóðfæraleikarans framhefur og undirstrikar tengsl hljóðfærisins og tölvunnar, sem í Sononymus-verkum mínum eru órjúfanleg heild,“ segir Hilmar Þórðarson um verk sitt.

Í hléi geta tónleikagestir séð og heyrt hljóðinnsetninguna Umhverfi I, sem er sú fyrsta í fyrirhugaðri röð innsetninga sem setja upp ímyndað hljóðumhverfi sem áheyrendur geta síðan lagað að sínum smekk.

Að hægja á tímanum

Ásdís Sif Gunnarsdóttir sýnir innsetningu í forsal Ásmundarsafns þessa dagana.

Súsanna Svavarsdóttir ræddi við hana um hraða, búsetu og möguleika vídeólistarinnar.

Í FORSAL Ásmundarsafns við Sigtún hefur nú verið opnuð fyrsta sýningin í sýningaröðinni Píramíðarnir þar sem þrjú ungr listamenn skapa innsetningar í píramíðanum, þeim hluta byggingarinnar sem áður var vinnustofa Ásmundar Sveinssonar. Ásmundur var ætíð áhugamaður um samtímalist og það sem ungt listafólk var að fást við á hverjum tíma og er það því mjög í hans anda að bjóða ungu listafólki að sýna verk sín í safninu samhliða verkum hans.

Á fyrstu píramíðasýningunni sýnir Ásdís Sif Gunnarsdóttir ljósmyndir og vídeó, en hreint ekki af píramíðunum. „Það má hins vegar segja að ég sé undir áhrifum frá safninu og verkunum sem hér eru,“ segir Ásdís. „Það er alveg stórkostlegt að Ásmundur skyldi byggja þetta hús og það er mikill heiður að fá að sýna hér.“

Einfaldar athafnir

– Hvert er þema sýningarinnar hjá þér?

„Þemað er einfaldar athafnir í hversdagslífinu. Ég hef verið að hugsa um impressjónistamálverk,

sem eru svo kyrr. Það er eins og þau hægja á tímanum þar til hann stendur í stað. Þetta eru myndir af konum í ballett og konum í baði – eða að gera eitthvað einfalt. Þetta er spurning um augnablikin sem maður á með sjálfum sér.

Ég hugsa sýninguna eins og ég sé að fást við málverk, nema þau eru unnin á vídeó. Ég nota sjálfa mig í myndirnar og vídeóin. Reyndar nota ég sjálfa mig mikið sem efni við þegar ég er að vinna verkin mín, hvort heldur eru vídeó eða gjörningar. Í gjörningunum nota ég líka annað fólk – og stend stundum utan við þá sjálf.“

– Hvað ertu að segja með verkum þínum?

„Ég trúi því ekki að maður þurfi að segja neitt sérstakt í myndlist. Myndlistin er eitthvað sem maður á að njóta og upplifa.“

– En eitthvað hlýturðu að vera að hugsa þegar þú vinnur verkin?

„Já, markmið mitt er að hægja á tímanum. Vídeóin er eins konar bímynd, sem hefur þó hvorki efni við né sögu – heldur getur verkið verið málverk eða augnablik.“

Ásdís hélt beint til New York eftir



Morgunblaðið/Ásdís

Ásdís Sif Gunnarsdóttir ríður á vaðið í sýningaröðinni Píramíðum í Ásmundarsafni.

stúdentspróf frá Fjölbautaskólanum í Breiðholti. Í New York lauk hún BA-prófi í myndlist, dvaldi hér heima í eitt ár og hélt síðan til Los Angeles þar sem hún hefur verið í MA-námi í vídeó- og gjörningalist við UCLA síðastliðin tvö ár. Eftir sýninguna í Ásmundarsafni heldur Ásdís aftur til Los Angeles til að ljúka MA-námi sínu. Þegar hún er spurð hvort hún ætli að flytja heim að loknu námi segist hún ekki hafa ákveðið hvar hún ætli að setjast að. „Ég hef hins vegar ákveðið að vera alltaf hér heima á sumrin og um jólin. Ég er farin að sakna Íslands mjög mikið og mig langar til að búa hér. Það er ein-kennilegt hvað þetta land togar í

mann. Maður ræður ekkert við það.“

Ásdís verður tíðrætt um bílana, umferðina og hraðann í Los Angeles og segir það alveg á hreinu að þar vildi hún ekki setjast að. „Frekar í New York,“ segir hún og bætir við: „Par eru þó árstíðir og almennings-samgöngur í ágætu lagi. Par þarf maður ekki að eiga bíl.“

Eins konar dagbók

– Heldurðu að þessi stöðuga hreyfing og áreiði í Los Angeles hafi haft áhrif á það hvers konar verk þú ert að sýna hér í Ásmundarsafni núna?

„Já, veistu, það er mjög líklegt. Það er aldrei kyrr punktur í borginni, bara stöðug hreyfing og hraði

og allt að gerast. Það sem er einmitt svo skemmtilegt við vídeólistina er að þú getur notað hana til þess að fara í allt aðrar áttir. Á síðustu árum hefur hún þróað mikið. Vídeólistamenn eru að framleiða verk sem eru allt frá því að vera kvikmyndir, yfir í að vera kyrralífsmyndir – og allt þar á milli. Það er hins vegar orðið lítið um þessar þriggja mínútna löngu myndir með söguþræði í þessari listgrein. Það má segja að þær séu að hverfa.

Ég hef valið kyrru leiðina í þessari sýningu. Hún er frásögn af upplifunum, eins og þegar maður skrifar dagbók. Það gerist eitthvað yfir daginn – og ég skræset það.“